

Topplistar útlána 2016

Greinargerð

1. Inngangur

Topplistar útlána eru listar yfir vinsælustu eða mest lánaðu titlana í aðildarsöfnum Gegnis og fyrir Gegni sem heild. Topplistar útlána eru til frá árinu 2013. Í sumarbyrjun 2017 voru gerðar endurbætur á topplistanum sem gera öllum kleift að skoða það sem mest er lánað eftir safnaflokkum, landsvæðum, efnisflokkum og árum og ársfjórðungum. Topplistar útlána eru aðgengilegir á opnum vef Landskerfis bókasafna, <http://landskerfi.is> undir „Um okkur“ -> [Vinsælustu titlarnir](#) og einnig á þjónustuvef undir [Topplistar](#).

2. Vinsælast

Bókfræðiupplýsingar í Gegni eru flokkaðar eftir tegund efnis eða bókfræðisniði t.d. bækur, tímarit, tónlist og svo framvegis. Fjöldi eintaka sem tengjast mismunandi bókfræðisniði er mjög misjafn, t.d. eru margfalt fleiri eintök tengd á hvern tímaritstitil heldur en bókartitil. Fjöldi eintaka sem tengd eru ákveðnum titli hefur afgerandi áhrif á mögulegan fjölda útlána. Þetta má glögg sjá þegar topplistar útlána fyrir allt efni Gegnis eru skoðaðir. Þar eru tímaritatitlar í öllu efstu sætum.

Mynd 1: Mest lánuðu titlar í Gegni 2016

Titill	Útlán
(1) Myndasögusyrpa = Syrpa. (1994)	23.095
(2) Vikan 2016. (2016)	11.232
(3) Hús og híbýli. (1972)	8.939
(4) Vikan 2015. (2015)	8.730
(5) Gestgjafinn : tímarit um mat. (1981)	6.542
(6) Júlía. (2009)	6.098
(7) Myndasögusyrpa 2015 = Syrpa 2015. (2015)	6.045
(8) Femina. (1952)	5.926
(9) Séð og heyrt 2016. (2016)	5.416
(10) Hendes verden. (1965)	5.278

Þegar topplistar yfir vinsælustu bækurnar árið 2016, fyrir Gegni sem heild, eru skoðaðir er greinilegt að efni fyrir börn er mjög vinsælt. Tíu efstu titlarnir eru barnabækur. Það er augljóst hvað er vinsælast hjá börnum en „Dagbók Kidda klaufa“ er í sjö efstu sætunum.

Mynd 2: Vinsælustu bækurnar í Gegni 2016

Titill	Útlán
(1) Dagbók Kidda klaufa : svakalegur sumarhiti / Jeff Kinney (2012)	4.965
(2) Dagbók Kidda klaufa / Jeff Kinney (2009)	4.935
(3) Dagbók Kidda klaufa : tómt vesen / Jeff Kinney (2013)	4.889
(4) Dagbók Kidda klaufa : besta ballið / Jeff Kinney (2015)	4.789
(5) Dagbók Kidda klaufa : kaldur vetur / Jeff Kinney (2014)	4.685
(6) Dagbók Kidda klaufa : ekki í herinn! 3 / Jeff Kinney (2011)	4.504
(7) Dagbók Kidda klaufa : Róbbi rokkar / Jeff Kinney (2010)	3.996
(8) Hansel e Gretel. (1900)	3.685
(9) Mamma klikkl! / Gunnar Helgason (2015)	3.577
(10) Skúli skelfir fer í frí / Francesca Simon (2010)	3.257

Eitt af megin hlutverkum bókasafna er skráning, umsýsla og umsjón safnkostsins. Útlánaþáttur Gegnis heldur utan um safnkostinn til þess að alltaf sé mögulegt að vita hvar og/eða hver er með hvaða eintak. Reyndin er að útlánaþáttur Gegnis er notaður til þess að halda utan um ýmiss konar jaðarefni sem ekki flokkast undir hefðbundið efni bókasafna. Þetta eru tölvur, heyrnartól, spil og ýmiss konar annað jaðarefni sem skráð er sem „safnfærslur“. Þegar topplisti fyrir Gegni árið 2016 er skoðaður fyrir efnisflokkinn „Ekki bækur eða tímarit“ kemur í fyrsta sætið „Spil [safnfærsla]“.

Mynd 3: Mest lánaða 2016 í efnisflokki „Ekki bækur eða tímarit“

Titill	Útlán
(1) Spil [safnfærsla]. (1900)	857
(2) Dimma / Ragnar Jónasson (2015)	599
(3) Sogið / Yrsa Sigurðardóttir (2015)	598
(4) Inside out [mynddiskur] / leikstjórn: Pete Docter. (2015)	523

Ein af nýjungum við topplistanana í sumarbyrjun 2017 var möguleikinn á að skoða listana eftir ársfjórðungum. Talið var að styttri tímabil myndu auka markaðsgildi topplistananna fyrir bókasöfnin og hvetja þannig til lestrar. Þegar listarnir eru skoðaðir eftir ársfjórðungum er ljóst að fjölbreytileikinn í lestrarmynstri og útlánum er mjög breytilegur eftir ársfjórðungum. Hér má sjá fimm vinsælustu bækurnar í almenningubókasöfnum á Norðurlandi eftir ársfjórðungum 2016. Eins og sjá má ef þessar fjórar myndir eru bornar saman þá er aðeins ein bók sem kemur tvisvar fyrir sem er Kakkalakkarnir eftir Jo Nesbø annars eru allir aðrir titlar einstakir á hverju tímabili.

Mynd 4: Mest lánuðu bækurnar í almenningubókasöfnum á Norðurlandi eftir ársfjórðungum 2016

janúar – mars 2016	apríl – júní 2016
(1) Dimma / Ragnar Jónasson. (2015)	(1) Járnblóð / Liza Marklund (2016)
(2) Þýska húsið / Arnaldur Indriðason. (2015)	(2) Merkt : glæpasaga / Emelie Schepp (2016)
(3) Sogið / Yrsa Sigurðardóttir. (2015)	(3) Meira blóð / Jo Nesbø (2016)
(4) Dauðaslóðin / Sara Blædel (2016)	(4) Í hita leiksins / Vívica Sten (2016)
(5) Nautið / Stefán Máni. (2015)	(5) Kakkalakkarnir / Jo Nesbø (2016)
júlí – september 2016	október – desember 2016
(1) Hin myrku djúp / Ann Cleeves (2016)	(1) Dalalíf / Guðrún frá Lundi. (2016)
(2) Konan í myrkrinu / Marion Pauw (2016)	(2) Leikvöllurinn / Lars Kepler (2016)
(3) Ekkjan / Fiona Barton (2016)	(3) Petsamo / Arnaldur Indriðason. (2016)
(4) Villibráð / Lee Child (2016)	(4) Drungi / Ragnar Jónasson. (2016)
(5) Kakkalakkarnir / Jo Nesbø (2016)	(5) Vögguvísa / Carin Gerhardsen (2016)

3. Forsendur

Grunnurinn að topplistum útlána byggir á samtengingu bókfræðiupplýsinga og útlánaupplýsinga. Safnað er saman útlánum allra eintaka hvers titils / bókfræðifærslu á hverju aðildarsafni Gegnis til að fá heildarútlán hvers titils fyrir valið ár.

Titill → Safn → Eintök → Útlán → Ár = Heildarútlán titils á ári

Tölulegar upplýsingar geta aldrei orðið betri en undirliggjandi gögn. Topplistar útlána eru rýndir eins og kostur er en samt sem áður er ekki hægt að tryggja að gögnin séu villulaus. Aðildarsöfn Gegnis bera ábyrgð á að skoða topplista fyrir sitt safn og ber þeim að tilkynna til Landskerfis bókasafna um villur eða annað sem ekki stemmir.

Upplýsingar um titla byggja á bókfræðiskráningu en fyrir utan titilupplýsingar er bókfræðisnið (þ.e.a.s. hvort um er að ræða bók, tímarit eða annað efni) og kóðar úr „008“ stýrisviði bókfræðifærslunnar lagðir til grundvallar við talningu. Eðli málsins samkvæmt geta titlar verið margfaldir í Gegni. Talningar eru byggðar á bókfræðifærslum en hver titill getur hugsanlega átt sér margar bókfræðifærslur. Margfaldar bókfræðifærslur byggja á mismunandi útgáfum, mismunandi sniði eins og bók, hljóðbók og svo framvegis. Þegar topplistarnir eru skoðaðir kemur eflaust margt spáskt fyrir sjónir, eins og að margar bókfræðifærslur eru fyrir vinsælustu titlana svo sem „Myndasögusyrpa“ með mismunandi ártölum. Oft er álitamál hvernig skuli kóða efni og einnig geta

verið villur í kóðuninni. Þá þarf að skoða sérstaklega það sem stingur í stúf og meta hvort breyta eigi bókfræðiskráningunni fyrir seinni tíma úrvinnslu.

Vinsælasta efnið á bókasöfnunum er spennandi rannsóknarefni og vekur áhuga hjá fleiri en aðildarsöfnum Gegnis eins og t.d. fjölmiðlum og stjórnsýslu. Út frá upplýsinga- og persónuverndarsjónarmiðum telur Landskerfi bókasafna ekki stætt á því að hafa upplýsingar um einstök söfn á opnum vef. Til að koma til móts við aðra hagsmunaaðila en aðildarsöfn Gegnis var ákveðið að flokka söfnin saman í hópa eftir safnategund og landsvæðum auk efnisflokka sem eru grunnþáttur í kerfislegri högun topplistanna.

Frá sumarbyrjun 2017 eru topplistar útlána aðgengilegir á opnum vef Landskerfis bókasafna, landskerfi.is undir „Um okkur“ -> „[Vinsælustu titlarnir](#)“ og einnig á þjónustuvef þar sem aðrar tölfraeðiupplýsingar eru staðsettar á vefnum.

Heim > Um okkur > **Vinsælustu titlarnir**

3.1 Efnisflokkar

Efnisflokkar topplista byggja á bókfræðilegum upplýsingum sem skráðar eru fyrir hvern titil í kerfinu. Bókfræðilegar upplýsingar í Gegni eru skráðar í marksníði, samkvæmt bandaríska MARC 21 staðlinum, <http://www.loc.gov/marc/>.

Tafla 1: Bókfræðisnið í Gegni

Bókfræðisnið	Kóði
Bækur	BK
Tímarit	SE
Hljóðbækur	HB
Myndefni	VM
Tónlist	MU
Samsett gögn, þrjú eða fleiri ytri form	MX
Tölvugögn	CF
Kort	MP
Handrit	MA

Greining efnisflokka er annars vegar byggð á efnislegu bókfræðisniði sem lýsir formi titilsins þ.e.a.s. hvort um bók, tímarit, myndefni eða annars konar efni sé að ræða, sjá töflu 1 sem sýnir möguleg bókfræðisnið í Gegni. Hægt er að sjá nánari skilgreiningu á bókfræðisniðum í Handbók skrásetjara Gegnis, <https://hask.landsbokasafn.is/index.php?page=format-007-kodar>.

Hins vegar byggja efnisflokkarnir á upplýsingum úr stýrisviði 008 sæti 22 en þar eru skráðar upplýsingar um notendahóp, þ.e.a.s. hvort efni er ætlað börnum, fullorðnum og svo framvegis. Í töflu 2 er forsendum fyrir talningu útlána eftir efnisflokkum settar fram. Hægt er að sjá nánari skilgreiningu á notendahópum í Handbók skrásetjara Gegnis í kaflanum um 008 stýrisviðið <https://hask.landsbokasafn.is/index.php?page=008-svid-lagmarkskodun>.

Tafla 2: Forsendur fyrir efnisflokka topplista

Efnisflokkur	Bókfræðisnið	Stýrisvið 008
Allt efni	Engar bókfræðitakmarkanir	
Bækur	„BK“ eða bækur	
Tímarit	„SE“ eða tímarit	
Ekki bækur né tímarit	Hér er talning útlána miðuð við bókfræðisnið sem eru ekki bækur né tímarit. Þetta eru: <ul style="list-style-type: none"> - Hjóðbækur (HB) - Myndefni (VM) - Tónlist (MU) - Samsett gögn, þrjú að fleiri ytri form (MX) - Tölvugögn (CF) - Kort (MP) - Handrit (MA) 	
Fullorðinsefni	bækur (BK) og hjóðbækur (HB)	sæti 22 = e
Unglingaefni	Öll bókfræðisnið (bækur, tímarit og fleira)	sæti 22 = j
Barnaefni	Öll bókfræðisnið (bækur, tímarit og fleira)	sæti 22 = b
Smábarnaefni	Öll bókfræðisnið (bækur, tímarit og fleira)	sæti 22 = a
Kennsluefni framhaldsskóla	Öll bókfræðisnið (bækur, tímarit og fleira)	sæti 22 = d
Kennsluefni grunnskóla	Öll bókfræðisnið	sæti 22 = c

3.2 Safnakóðar

Safnakóðar í Gegni eru settir saman úr fimm bókstöfum. Fyrstu þrjár stafirnir vísa til heiti bókasafns, fjórði stafur vísar í safnategund og fimmti stafurinn vísar í kerfislega skiptingu safnanna sem byggir bæði á landssvæðum og hlutverki safnanna. Til dæmis er Amtsbókasafnið á Akureyri með safnakóðann AMAAN. Fyrstu þrjár „AMA“ vísar í heiti safnsins, fjórði stafur „A“ vísar í það að Amtsbókasafnið er almenningsbókasafn og lokum „N“ sem vísar í landsvæðið Norðurland.

Tafla 3: Uppbygging safnakóða - Amtsbókasafnið á Akureyri = AMAAN

Sæti	Bókstafir	Vísar í:
1-3	AMA	Heiti safns = Amtsbókasafnið
4	A	Safnategund = Almenningsbókasafn
5	N	Landsvæði = Norðurland

Tafla 4: Uppbygging safnakóða - Myllubakkaskóli = MYLGS

Sæti	Stafur	Vísar í:
1-3	MYL	Heiti safns = Myllubakkaskóli
4	G	Safnategund = Grunnskólar
5	S	Landsvæði = Suðurland

3.3 Safnaflokkar

Safnaflokkar byggja á auðkenningu safns samkvæmt 4 staf í safnakóða. Eftirfarandi safnategundir eru skilgreindar í Gegni.

Tafla 5: Skilgreining fjórða stafs í safnakóða

4. STAFUR Í SAFNAKÓÐA	
Stafur	Safnategund
A	Almenningsbókasafn
E	Einkarekinn skóli
F	Framhaldsskólasafn
G	Grunnskólasafn
H	Háskólasafn
J	Skjalasafn
M	Læknisfræðibókasafn
P	Félagasamtök
R	Sérfræðibókasafn
T	Stjórnsýslusöfn

Nokkrum safnategundum var steipt saman til þess að ná fram stærri safnaflokkum til þess að koma í veg fyrir að einungis eitt eða tvö söfn væru í sumum þessara flokka en þá yrðu jafnframt upplýsingarnar greinanlegar niður á einstök söfn. Undir háskóla- og sérfræðisöfn eru söfn sem auðkennd eru sem skjalasöfn, læknisfræðibókasöfn, félagasamtök, stjórnsýslusöfn auk háskóla- og sérfræðisafna.

Tafla 6: Skilyrði flokkunar í safnategundir eftir fjórða staf í safnakóða

4. STAFUR Í SAFNAKÓÐA	
Stafur	Safnategund
A	Almenningssöfn
F	Framhaldsskólasöfn
G + E	Grunnskólasöfn
H + R + M + P + T + J	Háskóla- og sérfræðisöfn

3.4 Landsvæði

Landsvæði byggja á auðkenningu safns samkvæmt fimmsta staf í safnakóða. Eftirfarandi auðkenni eru skilgreind í fimmsta staf safnakóða í Gegni:

Tafla 7: Skilgreining fimmsta stafs í safnakóða

5. STAFUR Í SAFNAKÓÐA		
Stafur	Stjórnunareining	Kóði
A	Almenningsbókasöfn	ICE53
F	Framhaldsskólar	ICE53
G	Grunnskólar	ICE55
H	Háskólabókasöfn	ICE51
K	Hí Menntavísindasvið	ICE52
L	Landsbókasafn Íslands	ICE50
N	Norðurland	NOR50
P	Félagasamtök	ICE59
R	Sérfræðisöfn	ICE56
S	Suðurland	SUD50
T	Stjórnsýslusöfn	ICE57
U	Austurland	AUS50
V	Vesturland	VES50

Til þess að ná fram kerfislegu hagræði var bókasöfnunum í Gegni raðað niður í svonefndar stjórnunareiningar sem vísa í fimmsta staf safnakóða. Í meginráttum var söfnum utan höfuðborgarsvæðisins skipt niður í flokka eftir landshlutum en söfn á höfuðborgarsvæðinu var skipt í stjórnunareiningar eftir eðli eða tegund safnsins eins og almenningsbókasöfn eða sérfræðibókasöfn. Hérna er fyrst og fremst um kerfislega högun að ræða sem hefur engin áhrif á leit en er sýnileg starfsfólki bókasafnanna í útlánþætti Gegnis. Á vef Landskerfis bókasafna er hægt að sjá í hvaða stjórnunareiningu safn tilheyrir, <https://www.landskerfi.is/um-okkur/bokasofnin>.

Til þess að ná fram skiptingu eftir landshlutum var öllum stjórnunareiningunum nema Norðurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum, Austurlandi, Vesturlandi og Vestfirðum safnað undir eitt hatt, Höfuðborgarsvæðið, sjá töflu 8.

Tafla 8: Skipting safna / stjórnunareininga í landshluta

5. STAFUR Í SAFNAKÓÐA	
Stafur	Landsvæði
A + F + G + K + R + P + L + H + T	Höfuðborgarsvæðið
N	Norðurland
S	Suðurland og Suðurnes
U	Austurland
V	Vesturland og Vestfirðir

Veigamestu undantekningar á skiptingu safna í landshluta varða háskóla landsins. Fjórar stjórnunareiningar hafa háskóla innan borðs. Það er misjafnt hvort háskólar tilheyra sínu landsvæði, t.d. tilheyrir Háskólinn á Akureyri stjórnunareiningunni „Norðurlandi“ en Háskólinn á Hólum stjórnunareiningunni „Hákólabókasöfn“, sjá töflu 9.

Tafla 9: Skipting hákólabókasafna eftir stjórnunareiningum

Stjórnunareining	Bókasöfn
Hákólabókasöfn	Listaháskóli Íslands Háskólinn í Reykjavík Landbúnaðarháskólinn Háskólinn á Bifröst Háskólinn á Hólum
HÍ Menntavísindasvið	Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Landsbókasafn Íslands	Háskóli Íslands
Norðurland	Háskólinn á Akureyri

3.5 Ár/ársfjórðungar

Til þess auka notagildi topplistanna var bætt við styttri tímabilum en nú er hægt að birta topplistana eftir ársfjórðungum sem og heilum árum. Stefnt er að því að birta topplistana ársfjórðungslega í framtíðinni.

4. Val á topplistum

Topplistar útlána eru aðgengilegir á vef Landskerfis bókasafna. Það er gerður greinarmunur á því hvort verið sé að skoða einstök söfn, mismunandi safnaflokka eða landið í heild. Topplistar þar sem söfn eru flokkuð saman eru opnir öllum á vefnum. Hins vegar geta innskráðir starfsmenn bókasafnanna nálgast topplista einstakra safna á þjónustuvef Landskerfis bókasafna.

4.1 Val á topplistum -> Öll söfn

Topplistar fyrir Gegni sem heild eru nú öllum opnir án innskráningar undir „Um okkur -> [Vinsælustu titlarnir](#)“ og einnig undir „Topplistar -> [Öll söfn](#)“.



Framsetning topplistanna var endurskoðuð til að opna þá fyrir aðra en aðildarsöfn Gegnis. Núna er mögulegt að skoða það sem mest er lánað eftir safnaflokkum, landsvæðum, efnisflokkum og árum og ársfjórðungum.

Safnflokkur	Landssvæði	Ár/Ársfjórðungur
Almenningssöfn ▾	Norðurland ▾	2016 apr-jún ▾
Efnisflokkur	Lengd lista	
Bækur ▾	10 ▾	

Skoða

4.2 Val á topplistum -> Einstök söfn

Einungis innskráðir starfsmenn bókasafnanna geta nálgast topplista einstakra safna á þjónustuvef Landskerfis bókasafna. Topplistar fyrir einstök söfn eru aðgengileg undir „Topplistar -> [Einstök söfn](#)“

Til þess að velja bókasafn þarf að slá inn í línuna **Bókasafn** eitt af eftirtöldu

- upphaf á heiti bókasafns
- strengur innan úr nafni bókasafns
- safnkóði bókasafnsins
- ef ekkert bókasafn er valið þá birtast topplistar fyrir Gegni sem heild

Bókasafn

Háskólinn í Reykjavík (HREHH)

Það þarf að velja bókasafnið með músinni.

Þá er að velja eina breytu úr hverjum flokki.


Ár/Ársfjórðungur	Efnisflokkur	Lengd lista
2016 ▼	Allt ▼	10 ▼
2016	Allt	10
2016 jan-mar	Barnaefni	50
2016 apr-jún	Bækur	100
2016 júl-sep	Ekki tímarit og bækur	200
2016 okt-des	Fullorðinsefni	
2015	Kennsluefni framhaldsskóla	
2015 jan-mar	Kennsluefni grunnskóla	
2015 apr-jún	Smábarnaefni	
2015 júl-sep	Tímarit	
2015 okt-des	Unglingaefni	
2014		
2014 jan-mar		
2014 apr-jún		
2014 júl-sep		
2014 okt-des		
2013		
2013 jan-mar		
2013 apr-jún		
2013 júl-sep		
2013 okt-des		

Þegar búið er að velja það leitað er eftir er smellt á **Skoða** neðst á síðunni.

4.3 Frekari úrvinnsla

Ef vinna á frekar með efni töflunnar er auðvelt að færa þær yfir í Excel með því að smella á grænu táknmyndina fyrir neðan töfluna.

Ár/Ársfjórðungur	Efnisflokkur	Lengd lista
2016	Smábarnaefni	10
Skoða		
Titill	Útlán	
(1) Depill í feluleik / Eric Hill (2015)	39	
(2) Fyrstu 1000 orðin / myndskreyting Caroline Modeste (2014)	38	
(3) Tikk og takk klukkubók / myndir eftir Catherine Vase (2015)	35	
(4) Allt í fullu fjöri : Einar ormur, Siggí span, Grímur górilla og hinir prakkararnir / Richard Sca (2011)	35	
(5) Barbapabbi í langferð / Annette Tison og Talus Taylor (2007)	35	
(6) Leitín að Elsu / Disney (2015)	34	
(7) Uppáhaldsform Depils / Eric Hill (2015)	34	
(8) Múminálfar læra litina / [texti og myndir Moomin characters (2015)	34	
(9) Barbapabbi / Annette Tison og Talus Taylor (2006)	33	
(10) Hér koma Skoppa og Skritla. 1 / [höfundur Hrefna Hallgrímsdóttir (2013)	33	



Þegar Excel-taflan opnast er kóði viðkomandi bókasafns í fyrsta reit – A1.

A	B	C	D	E	F	G	H	I	J
1	usafna - bókasafnskerfið Gegni: Útlánatölur fyrir bóka								
2	Topplisti útlána 2015 .								
3	10 efstu.								
4	Tegund efnis: Fullorðinsefni								
5	Titill	Útlán							
6	(1) One piece / story and art by Eiichiro Oda (2003)	475							
7	(2) Naruto / story and art by Masashi Kishimoto (2003)	271							
8	(3) Kamp Knox / Arnaldur Indriðason. (2014)	180							
9	(4) Afturgangan / Jo Nesbe (2015)	154							
10	(5) Case closed / Goshō Aoyama (2004)	150							
11	(6) Syndlaus / Viveca Sten (2015)	147							
12	(7) Óræfi / Ófeigur Sigurðsson. (2014)	141							
13	(8) DNA / Yrsa Sigurðardóttir. (2014)	139							
14	(9) Náðarstund / Hannah Kent (2014)	139							
15	(10) Zack / Mons Kallentoft & Markus Lutteman (2015)	129							

Hafi ekkert bókasafn verið valið eru birtar tölur fyrir Gegni sem heild.

A1	Landskerfi bókasafna - bókasafnskerfið Gegni: Útlánatölur.

5. Lokaorð

Topplán útlána byggja á upplýsingum úr bókasafnskerfinu Gegnir. Það hafði lengi verið á óskalista aðildarsafna Gegnis að geta sagt um hvaða titlar séu mest lánaðir út á hverju safni. Lengi vel var kerfislega ekki mögulegt að tengja saman upplýsingar um titla og útlán sem eru undirstaða topplista útlána.

Grunnurinn að topplistanum og ýmiskonar annarri gagnavinnslu byggir á nýju gagnamódeli sem þróað hefur verið hjá Landskerfi bókasafna síðastliðin ár. Gagnamódelið eykur mjög á möguleika á vinnslu og framsetningu tölfræðinnar. Tvö önnur verkefni byggja alfarið á módelinu en það eru heildarútlán á titil og greining á bókfræðigrunni Gegnis, einnig er vinnsla árlokatalfræðinnar fyrir aðildarsöfn Gegni að færast yfir í gagnamódelið. Heildarútlán á titil er verkefni sem hefur verið unnið er fyrir Rithöfundasamband Íslands og byggja greiðslur til rithöfunda úr Bókasafnssjóði á þessum upplýsingum. Greining á bókfræðigrunni Gegnis er grunnurinn að úrvinnslu fyrir greinargerðir sem birtar hafa verið á vef Landskerfis bókasafna og kallast „Tölur úr bókfræðigrunni Gegnis, greinargerð um söfnun og úrvinnslu tölulegra upplýsinga til ársloka xxxx“.

Það er á stefnu Landskerfis bókasafna að halda áfram að þróa topplista útlána. Næsta verkefni er að útfæra nýja skýrslu sem byggir á útlánum íslenskra rithöfunda.

Reykjavík í júní 2017

Sigrún Hauksdóttir